

Skýrsla

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson
Trausti Þorsteinsson

Gát sf

2013

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneyti

Gát sf
2013

© Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2013.
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ. Úttekt.
Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mynd á forsíðu fengin frá skólameistara Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.
ISBN 978-9935-436-29-0

Heildarmat

- Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ (FMOS) er ung og fámenn stofnun sem enn á eftir að skapa sér þá fótfestu og það orðspor sem er nauðsynlegt til þess að geta tekið virkan þátt í samkeppni um nemendur við aðra framhaldsskóla.
- Lítill hluti nemenda úr 10. bekk í nærumhverfinu sækir um skólavist í FMOS.
- Skólinn tekur við öllum nemendum sem þangað sækja og skapar þeim tækifæri til framhaldsnáms án tillits til fyrra námsgengis í framhaldsskóla.
- Aldursdreifing er mikil innan skólans.
- Brottfall nemenda er mikið.
- Núverandi húsnaði skólans háir starfsemi hans verulega.
- Mikill metnaður ríkir meðal stjórnenda og kennara fyrir hönd skólans.
- Í stundatöflu eru fastar kennslustundir og verkefnatímar. Það fyrirkomulag hefur gefist vel.
- Skólinn kennir sig við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Samin hefur verið umhverfisstefna þar sem þær áherslur eru undirstrikaðar.
- Ein námsbraut, félags- og hugvísindabraut, hefur náð að festa sig vel í sessi. Aðrar námsbrautir eru fámennar og fremur veikar.
- Sjálfsmat skólans er á ýmsan hátt vanburða og sjálfsmatsskýrslur veita ófullnægjandi upplýsingar.
- Nemendur og stjórnendur skólans er ánægðir með aðferðir við kennslumat en meðal kennara eru uppi efasemdaraddir um aðferðafræðina sem framkvæmdina.
- Kennaraliðið er tiltölulega ungt, með góða menntun og viljugt til verka. Lítil starfsmannavelta ber vott um að kennarar séu ánægðir í starfi.
- Skipurit skólans er ekki fastmótað, það þarfnast umhugsunar og umræðu meðal starfsfólks.
- Lögbundnar stjórnunareiningar, svo sem skólanefnd, skólaráð og foreldraráð, gegna lítt eða ekki þeim hlutverkum sem þeim er ætlað að hafa.
- Skólinn hefur ekki formgert samstarf við ýmsar ytri stofnanir. Þar má nefna bæjarbókasafn, sérfræðipjónustu skóla og heilsugæslu auk grunnskóla bæjarfélagsins.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	6
2	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	7
2.1	Húsnæði.....	7
2.2	Hlutverk og stefna	7
2.3	Námsbrautir og námstími	8
2.4	Bókasafn.....	10
2.5	Tölvur og upplýsingatækni	10
2.6	Skólareglur	11
2.7	Náms- og starfsráðgjöf	11
2.8	Heilsugæsla	11
2.9	Mötuneyti	11
2.10	Skrifstofa	12
2.11	Mat úttektaraðila.....	12
3	Nám og kennsla	13
3.1	Skólanámskrá	13
3.1.1	Kennsluhættir.....	13
3.1.2	Forfallakennsla.....	15
3.1.3	Námsmat	15
3.1.4	Námsáætlanir – kennsluáætlanir	15
3.1.5	Forvarna- og lýðheilsustefna.....	15
3.1.6	Jafnréttisstefna	16
3.1.7	Umhverfisstefna.....	17
3.2	Þróunarverkefni	17
3.3	Mat úttektaraðila	18
4	Nemendur.....	19
4.1	Brottfall	19
4.2	Fjarvistir	21
4.2.1	Umsjónarkennsla.....	21
4.3	Nemendur með sérþarfir.....	21
4.3.1	Sérnámsbraut.....	21
4.4	Nemendur af erlendum uppruna.....	22
4.5	Nemendafélag.....	22
4.6	Mat úttektaraðila	23
5	Mannauður	24
5.1	Starfsfólk	24
5.2	Starfsmannastefna	24
5.3	Endurmenntunarstefna	24
5.4	Starfsmannavelta	24
5.5	Móttaka nýrra kennara	25
5.6	Siðareglur	25
5.7	Mat úttektaraðila	25
6	Skólabragur	26
6.1	Mat úttektaraðila	26
7	Stjórnun og rekstur.....	27
7.1	Skólanefnd.....	27
7.2	Skólaráð.....	27
7.3	Skólafundur	28
7.4	Rekstur skólans	28

7.5	Mat úttektaraðila	28
8	Innra mat	29
8.1	Mat úttektaraðila	30
9	Foreldrasamstarf og ytri tengsl	31
9.1	Mat úttektaraðila	32
10	Niðurstöður	33
10.1	Styrkleikar og veikleikar	34
10.2	Aðgerðir.....	35
11	Heimildaskrá.....	36
12	Fylgiskjöl	38

Myndir

Mynd 1: Aðsókn á námsbrautir eftir önnum 2009–2013.....	9
Mynd 2: Nemendahlutfall brauta af heildarnemendafjölda á hverri önn 2009–2013.....	10
Mynd 3: Brottfall nemenda úr Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ 2009–2012.	20
Mynd 4: Skipurit Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.	27

Töflur

Tafla 1: Námsbrautir Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.	9
Tafla 2: Skipting nemenda á námsbrautir eftir önnum 2009–2013.	9
Tafla 3: Verkefnatímar á vorönn 2013 eftir námsgreinum.	14
Tafla 4: Uppruni nemenda á haustönn 2012.	19
Tafla 5: Fjöldi innritaðra nemenda 15. september 2012 eftir fæðingarárgöngum.	19
Tafla 6: Aðsókn og innritun nemenda á haustönn 2012 og vorönn 2013.	20
Tafla 7: Áætlun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ um innra mat 2012–2015.	29

1 Inngangur

Sú skýrsla sem hér fer á eftir geymir niðurstöður úttektar á starfsemi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ í samræmi við fyrirmæli gildandi laga og reglugerða og erindisbréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins til úttektaraðila, dagsett 16. janúar 2013. Við úttektina er jafnframt litið til *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Braga Guðmundssyni, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausta Þorsteinssyni, lektor við sama svið og skóla, að gera úttektina. Samkvæmt samningi felst verkefni úttektaraðila í að gera „úttekt á starfsemi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, sjálfstæðu mati á þáttum sem teknir eru út, gerð tillagna um úrbætur og gerð skýrslu um verkefnið.“ Í fylgiskjali með erindisbréfi ráðuneytisins er úttektaraðilum falið að horfa sérstaklega til eftirfarandi þátta: Skólans og umhverfis hans, skólanámskrár, stjórnunar og rekstrar, náms og kennslu, skólabrags og samskipta, innra mats, foreldrasamstarfs og ytri tengsla, og nemenda með sérþarfir. Meginkaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum ráðuneytisins. Að lokinni grunnupplýsingagjöf innan hvers kafla, þar sem leitast er við að draga upp mynd af viðfangsefninu, kemur mat úttektaraðila og í lokakafla eru heildarniðurstöður settar fram ásamt ábendingum um leiðir til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Stutt samantekt er fremst í skýrslunni.

Gagnaöflun fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans könnuð og sóttar hverjar þær upplýsingar sem skýrsluhöfundar töldu að myndu nýtast. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólastjóra, dagsett 29. janúar 2013 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist fúslega. Í þriðja lagi heimsóttu úttektaraðilar skólann í tvo daga, 4.–5. mars. Markmið heimsóknarinnar var að kynnast skólanum og skólastarfinu með ítarlegum viðtölum við hlutaðeigandi. Í þeim var stuðst við viðtalsramma og voru þau öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda. Þeir voru þessir: Skólameistari, aðstoðar-skólameistari, fjármála- og skrifstofustjóri, umsjónarmaður tölvukerfis, náms- og starfsráðgjafar, umsjónarmaður fasteigna, rýnihópur nemenda, rýnihópur kennara, fulltrúar í skólanefnd, forvarnarfulltrúi og stjórn nemendafélags.

Leitað var liðsinnis trúnaðarmanns kennara og formanns nemendafélagsins við tilnefningu kennara og nemenda í rýnihópa. Nánari upplýsingar um gögn að baki skýrslunni eru í heimildaskrá. Úttektaraðilar þakka öllum þeim sem þátt tóku í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoð með öðrum hætti við gagnaöflun.

2 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ (FMOS) er ungur skóli. Samkomulag um stofnun hans var undirritað 19. febrúar 2008 af menntamálaráðherra og bæjarstjóranum í Mosfellsbæ og gert var ráð fyrir að skólinn hæfi starfsemi haustið 2009. Sú varð raunin og skólinn er því á fjórða starfsári sínu.¹ Í samkomulaginu er lögð áhersla á sveigjanleika og möguleika til nýbreytni í starfi hins nýja skóla. Hugmyndafræðin gengur út á að nemendur séu virkir þátttakendur í eigin námi, þeir tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni og umræður. Við stofnun skólans var gert ráð fyrir að skólinn skyldi taka mið af umhverfi og auðlindum, bæði í sveitarfélaginu og í landinu almennt.

2.1 Húsnæði

Í fyrrnefndu samkomulagi menntamálaráðherra og bæjarstjórans í Mosfellsbæ frá 2008 segir að aðilar séu sammála um að byggja nýjan skóla og að í fyrsta áfanga verði gert ráð fyrir allt að 4000 fermetra byggingu sem rúmi 400–500 nemendur. Við hönnun hússins og undirbúning skólastarfs skuli lögð áhersla á sveigjanleika og möguleika til nýbreytni. Jafnframt verði gert ráð fyrir möguleikum til verulegrar stækkunar í framtíðinni. Áformað var að skólabyggingin yrði tilbúin haustið 2011 en skólinn yrði starfræktur fyrstu tvö árin í Brúarlandi, elsta skólahúsi Mosfellsbæjar. Þessar áætlanir breyttust, einkum vegna hrunsins haustið 2008, og að sögn skólameistara er nú gert ráð fyrir að skólabyggingin verði tilbúin í ársbyrjun 2014.² Til viðbótar gamla skólahúsnæðinu, sem gert var upp áður en framhaldsskólinn tók til starfa, hafa verið settar niður lausar kennslustofur á skólalóðina sem skólinn nýtir. Húsnæðið er þó allt afar þröngt fyrir þá starfsemi sem þar fer fram. Samkomur og stærri viðburðir fara gjarnan fram í Hlégarði, félagsheimili Mosfellsbæjar, myndlista-kennsla er á Álafossi og íþróttakennsla í íþróttahúsi bæjarfélagsins.

2.2 Hlutverk og stefna

Við stofnun skólans var mörkuð sú stefna að nemendur séu virkir þátttakendur í eigin námi og öðlist á þann veg sjálfstæði og frumkvæði. Þess vegna eru notaðar verkefnamiðaðar kennsluaðferðir þar sem hugmyndafræðin gengur út á að nemandi tileinki sér námsefni í gegnum verkefni sem hann vinnur eða með umræðum sem hann tekur þátt í.³

Núverandi stefna skólans er kynnt á heimasíðu hans og þar segir að honum sé meðal annars ætlað að:

- stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum og einum nám við hæfi,
- búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám,
- efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu,
- efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda,
- þjálfa nemendur í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun,
- kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar,

¹ *Saga Framhaldsskólans í Mosfellsbæ*. (2012).

² Sama heimild.

³ Sama heimild.

- sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.⁴

Í stefnuskjali skólans eru nokkrar viðbótaráherslur sem skólinn leggur sérstaka áherslu á. Þær eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi kennir FMOS sig við *auðlindir og umhverfi* í víðum skilningi og vill flétta þær áherslur inn í skólastarfið. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir. Þá er það stefna skólans að gera umhverfi hans að lifandi þætti í daglegu starfi þar sem hugað verður meðal annars að náttúrufræði þess, virðingu fyrir því og hvernig njóta má þess og nýta á skynsamlegan hátt.

Í öðru lagi leggur FMOS áherslu á að bjóða *metnaðarfullt nám* við hæfi hvers og eins, á stúdentsbrautum, stuttum starfsnámsbrautum og almennum brautum. Af því leiðir að hugmyndafræði og kennsluhættir eiga að einkennast af því að nemendur séu virkir þátttakendur í eigin námi, öðlist sjálfstæði og stjórn námshraða sínum með stuðningi kennara og námsráðgjafa. Nota á fjölbreyttar verkefna miðaðar kennsluaðferðir og símat sem miðast við hugmyndir um leiðsagnarmat. Áhersla er á notkun upplýsingatækni til að auka fjölbreytni og fyrir utan námsefni í kennslubókum verður allt námsefni, áætlanir og upplýsingar aðgengilegt í gegnum kennslukerfi á netinu. Stundatafla skal vera sveigjanleg þannig að nemendur stjórni hluta af tíma sínum sjálfir. Hluti námsins á að fara fram undir verkstjórn kennara en öðrum þáttum þess stjórna nemendur sjálfir, þ.e. hvort þeir vinna sjálfstætt eða leita aðstoðar hjá kennurum. Með góðri vinnuaðstöðu er stefnt að því að skóladagurinn verði sem næst því að vera heildarvinnudagur nemandans og að hann geti lokið verkefnavinnu sinni að mestu leyti áður en haldið er heim á leið.

Í þriðja lagi er lögð áhersla á að byggja upp öflugt *félagslíf nemenda* þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Í lokaorðum stefnuskjals FMOS segir að skólinn leggi áherslu á að vera í góðum tengslum við umhverfi sitt hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ.⁵ Þessar áherslur eru allar áréttar í nýgerðum skólasamningi FMOS og ráðuneytisins.

2.3 Námsbrautir og námstími

Námsbrautir í FMOS eru sex:

Almenn námsbraut er 60 framhaldsskólaeiningar⁶ og meðalnámstími er tvær til þrjár annir. Brautinni er ætlað að bæta undirstöðu í almennum bóklegum kjarnagreinum og að nemendur geti valið fjölbreytta áfanga í listgreinum, handverksgreinum, íþróttagreinum og lýðheilsugreinum.

Bóklegar stúdentsprófsbrautir eru tvær, félags- og hugvísindabraut og náttúruvísindabraut. Þær eru 200 framhaldsskólaeiningar hvor um sig og meðalnámstími er sex til sjö annir.

Íþrótt- og lýðheilsubraut skilar nemendum með hæfni á öðru þrepi.⁷ Brautin er 90 framhaldsskólaeiningar og meðalnámstími er þrjár til fjórar annir. Lögð er áhersla á kjarnagreinar og sérgreinar í íþróttum og lýðheilsu, s.s. íþróttufræði, íþróttagreinar, næringarfræði og sálfræði.

Listabraut skilar nemendum með hæfni á öðru þrepi. Hún er 90 framhaldsskólaeiningar og meðalnámstími er þrjár til fjórar annir. Á henni er lögð áhersla á kjarnagreinar og sérgreinar í listum og handverksgreinum, s.s. myndlist, leiklist, tónlist, textíl og hönnun.

⁴ *Stefna og hugmyndafræði Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.* (2009).

⁵ Sama heimild.

⁶ *Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti.* (2011), bls. 50.

⁷ Sama heimild, bls. 52.

Sérnámsbraut (starfsbraut) er 200 framhaldsskólaeiningar. Hún er fyrir nemendur sem notið hafa verulegar sérkennslu í grunnskóla og þurfa einstaklingsmiðað nám. Brautinni lýkur með útskriftarskírteini. Meðalnámstími er sex til sjö annir. Á sérnámsbraut er einstaklingsmiðað námstilboð þar sem kennslan er byggð á námsáætlun fyrir nemendahóp eða einstakling.⁸

Tafla 1: Námsbrautir Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.


AB	Almenn námsbraut	LIS	Listabraut
FÉ	Félags- og hugvísindabraut	NÁ	Náttúruvísindabraut
LÝÐ	Íþrótt- og lýðheilsubraut	SÉ1	Sérnámsbraut

Skipting nemenda á námsbrautir 2009–2013, greind eftir kynjum, er sýnd í töflu 2.⁹ Skýringar á skammstöfunum eru eftirfarandi:

Tafla 2: Skipting nemenda á námsbrautir eftir öðrum 2009–2013.

	Haust 2009			Vor 2010			Haust 2010			Vor 2011			Haust 2011			Vor 2012			Haust 2012			Vor 2013		
	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls
AB	30	21	51	27	13	40	37	31	68	23	8	31	36	21	57	19	19	38	28	13	41	27	17	44
FÉ	7	5	12	11	10	21	16	14	30	25	23	48	32	50	82	34	60	94	42	75	117	47	80	127
LÝÐ	2	4	6	3	3	6	2	1	3	0	11	11	16	9	25	14	4	18	11	4	15	9	5	14
LIS	0	4	4	1	3	4	3	6	9	6	8	14	12	17	29	19	16	35	23	18	41	18	15	33
NÁ	1	0	1	1	2	3	4	5	9	8	6	14	19	7	26	12	9	21	12	9	21	16	14	30
SÉ1	0	0	0	0	0	0	3	0	3	2	0	2	3	0	3	4	0	4	4	0	4	5	0	5

Að meðaltali voru 22,2 nemendur í hverjum námshópi yfir skólann í heild á haustönn 2012 og samsvarandi tala er 21,2 á vorönn 2013. Eins og sjá má í töflu 1 eru það félags- og hugvísindabraut og almenn námsbraut sem mestar hylli njóta í FMOS. Athygli vekur að fyrstu tvær annirnar voru langflestir nemendur skráðir á almenna námsbraut. Af hefðbundnum bóknámsbrautum framhaldsskólans fékk félags- og hugvísindabraut merkjanlega aðsókn en aðrar brautir afar litla (sjá Mynd 1).




Mynd 1: Aðsókn á námsbrautir eftir öðrum 2009–2013.

⁸ Námsbrautir 2012. (2012).

⁹ Guðbjörg Aðalbergsdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 27.2.

Þegar rýnt er frekar í aðsókn að skólanum og litið til hlutfallslegrar skiptingar nemendahópsins eftir námsbrautum má sjá hvernig félags- og hugvísindabraut hefur eflst en almenna námsbrautin látið undan sé horft til hlutfalls af heildarnemendafjölda (Mynd 2).



Mynd 2: Nemendahlutfall brauta af heildarnemendafjölda á hverri önn 2009–2013.

Fyrstu önnina er hlutfall nemenda á almennri braut mjög hátt, 69%. Á vorönn 2010 lækkar hlutfall brautarinnar niður í 54% án þess þó að nemendum fækki í skólanum. Hluttur brautarinnar fer eftir þetta smám saman lækkandi og skólaárið 2012–2013 er hlutfallið komið niður í 17% á báðum önnum. Á meðan eykst hluttur félags- og hugvísindabrautar jafnt og þétt og hún ber skólann nú uppi með 50% nemenda á vorönn 2013. Þá er einnig athyglisverður góður hluttur listnámsbrautar en jafnframt verulega umhugsunarvert hversu erfitt uppdráttar náttúruvísindabraut hefur átt, sú braut sem upphaflega var ætlað að verða einkennisbraut skólans.

Fjórtán nemendur hafa verið brautskráðir til þessa, fimm á vorönn 2012 og níu á haustönn 2012. Meðalnámstími þeirra sem voru alla framhaldsskólagönguna í FMOS er 3,3 ár (fimm nemendur). Meðalnámstími annarra nemenda er 4,7 ár (þeir voru 1,5–6 ár í öðrum skólum og 1–3 ár í FMOS).¹⁰

2.4 Bókasafn

Ekkert bókasafn er í FMOS en að sögn skólayfirvalda nýta nemendur skólans Bókasafn Mosfellsbæjar eftir því sem kostur er og mæta þar mikilli velvild. Ekki hefur verið gengið frá formlegum samstarfssamningi á milli skólans og bókasafnsins um þjónustu þess.

2.5 Tölvur og upplýsingatækni

Gildandi tölvureglur eru á heimasíðu FMOS og eru einn hluti skólareglna hans. Þar segir að nemendur hafi aðgang að internetinu og þráðlaust tölvunet sé til staðar. Síðan segir (verulega stytta):

- Tölvubúnað FMOS má aðeins nota í viðfangsefni sem tengjast skólastarfinu.
- Notendanafni og lykilorði er óheimilt að deila með öðrum.

¹⁰ Sama heimild.

- Nemanda er óheimilt að setja upp hugbúnað á tölvur skólans eða á neinn hátt breyta uppsetningu tölvubúnaðar.
- Nemendum er óheimilt að afrita hugbúnað, tónlist, kvikmyndir eða önnur gögn sem eru vernduð höfundarrétti nema fyrir liggi leyfi eigenda.
- Nemendum er bannað að senda óviðeigandi efni með tölvum skólans.
- Óheimilt er að nota net skólans til að reyna að komast ólöglega inn á netsvæði eða tölvur annarra.
- Óheimilt er að vera með matvæli í nálægð við tölvubúnað skólans.¹¹

2.6 Skólareglur

Skólareglur FMOS, aðrar en tölvureglur, eru tvíþættar. Annars vegar eru reglur um mætingar og verkefnaskil og hins vegar eru umgengnisreglur. Hvorar tveggja eru birtar á heimasíðu skólans, þær eru rækilega sundurliðaðar og skýrar, og lítil ástæða er til þess að tíunda einstök efnisatriði þeirra hér.¹²

2.7 Náms- og starfsráðgjöf

Tveir náms- og starfsráðgjafar starfa í FMOS í 60% og 50% starfshlutfalli. Þeir eru fyrst og fremst málsvavar og trúnaðarmenn nemenda innan skólans og standa vörð um velferð þeirra. Námsráðgjafar skipta verkum sín á milli þannig að annar einbeitir sér að yngri hópi nemenda (16–18 ára) en hinn að þeim eldri. Nemendur geta þó alltaf snúið sér til þess sem er við hverju sinni. Þjónusta þeirra miðar að því að vera „fyrirbyggjandi, græðandi, fræðandi og þroskandi.“ Á heimasíðu skólans segir að ráðgjafarnir veiti aðstoð og stuðning í námi, sinni kennslu um hagnýtar námsaðferðir, aðstoði við að finna úrræði vegna námserfiðleika, hjálpi nemendum að átta sig á áhugasviðum, styrkleikum og námsstíl. Þá veita náms- og starfsráðgjafar nemendum og öðrum sem til þeirra leita upplýsingar og fræðslu um starfshætti skólans, skólareglur, kennsluhætti og námsmat.¹³ Námskynningar í grunnskólum eru einnig á þeirra höndum og heimsækja náms- og starfsráðgjafar níunda bekkjar nemendur í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi en fá nemendur úr tíunda bekk af sama svæði í heimsókn.

2.8 Heilsugæsla

Ekkert er sagt um heilsugæslu á vefsíðu skólans og að sögn aðstoðarskólameistara eru ekki neindir formlegir samningar í gildi við Heilsugæslu Mosfellsumdæmis. Mjög góð samskipti eru þó við Heilsugæsluna sem bregst ætíð skjótt við ef eftir er leitað.

2.9 Mötuneyti

FMOS er með samkomulag við mötuneyti Varmárskóla um kaup á máltíðum fyrir starfsfólk og nemendur. Matarmiðar eru seldir á skrifstofu FMOS og panta þarf í síðasta lagi á fimmtudegi fyrir vikuna á eftir.¹⁴

¹¹ Tölvureglur. (2009).

¹² Skólareglur. (2009–2013).

¹³ Náms- og starfsráðgjöf. (2013).

¹⁴ Mötuneyti. (2013).

2.10 Skrifstofa

Skrifstofa FMOS er opin mánudaga til miðvikudaga kl. 8:00–12:10 og 12:40–16:10, fimmtudaga og föstudaga kl. 8:00–12:10 og 12:40–15:15. Starfsmenn á skrifstofu eru tveir, fjármála- og skrifstofustjóri og umsjónarmaður fasteigna.

Hlutverk skrifstofu FMOS eru meðal annars almenn upplýsingagjöf, innheimta innritunargjalda, símvarsla, vefumsjón, útgáfa vottorða um skólavist, skráning veikinda, varðveisla námsferla, útlán fartölva, umsjón með skráningu í mötuneyti, bókhald, fjármál og greiðsla reikninga, daglegur rekstur skrifstofu, innkaup og fleira. Á sumrin er opnunartími örlítið breytilegur og skrifstofan er lokuð allan júlímánuð.¹⁵

2.11 Mat úttektaraðila

- Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er ungur skóli í ófullnægjandi bráðabirgðahúsnæði sem stendur starfsemi hans á ýmsan hátt fyrir þrifum hvað varðar innri þróun kennslu og námsmats. Aðbúnaður nemenda og starfsfólks er á marga lund óviðunandi.
- Fjöldi nemenda í félags- og hugvísindabraut hefur aukist jafnt og þétt frá stofnun skólans og ber hún skólann uppi með helming allra nemenda á vorönn 2013.
- Umhugsunarvert er hversu erfitt uppdráttar náttúruvísindabraut hefur átt, sú braut sem upphaflega var ætlað að verða einkennisbraut skólans.
- Sumar námsbrautir eru of fámennar og brýnt er að auka aðsókn að þeim. Þetta á einkum við um íþrótt- og lýðheilsubraut og náttúruvísindabraut.
- Alger vöntun á skólabókasafni stangast á við fyrimæli laga og hefur örugglega takmarkandi áhrif á þróun náms- og kennsluhátta þótt gott samstarf sé við bæjarbókasafnið í Mosfellsbæ. Mikilvægt er að skólinn fái gott bókasafn er hann flytur í nýtt húsnæði í ársbyrjun 2014.
- Vel er staðið að náms- og starfsráðgjöf í FMOS.

¹⁵ Skrifstofa. (2013).

3 Nám og kennsla

Í 22. gr. laga um framhaldsskóla segir að sérhver framhaldsskóli skuli gefa út skólanámskrá. Hún skiptist í almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almennum hluta skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kýs að kveða á um. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga og reglna. Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar.

3.1 Skólanámskrá

Heildstæð skólanámskrá hefur ekki verið samin fyrir Framhaldsskólann í Mosfellsbæ en á heimasíðu hans segir að vinna við gerð hennar hafi staðið yfir frá því skólinn var stofnaður. Þá þegar var ákveðið að semja námskrána út frá þeim drögum að aðalnámskrá er fyrir lágu og síðar tóku gildi í nokkuð breyttri mynd árið 2011. Að sögn skólameistara eru enn ófrágengnir einn eða tveir kaflar. Stefnt er að því að hefja mælingu á öllum námsáföngum í ljósi nýrrar skilgreiningar á námseiningum.

Í gildandi skólasamningi segir að skólanámskráin sé birt á vef skólans sem sé „í senn upplýsingavefur um skólastarfið og skólanámskrá.“¹⁶ Hún skiptist í fjóra meginkafla: skólinn, námið, þjónusta og félagslíf. Til þeirra verður vísað eftir því sem við á í undirköflunum hér á eftir.

Í viðtölum við skólameistara kom fram það sjónarmið hans að skynsamlegast sé að vinna námskrána og birta hana með þeim hætti sem gert er. Plaggið sé í eðli sínu lifandi og taki breytingum og því megi naumast vænta að verkinu ljúki á tilteknum tímapunkti. Að hans mati hefur gengið vel að virkja kennara til vinnu við skólanámskrána. Skólinn hafi á að skipa metnaðarfullum kennarahópi sem gangi viljugur til leiks. Hins vegar var nemendahópurinn ekki virkjaður til þessarar vinnu með neinum hætti né heldur foreldrar.

3.1.1 Kennsluhættir

Um kennsluhætti segir á heimasíðu FMOS að skólinn leggi áherslu á að bjóða nemendum metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins. Ætlast sé til að þeir sýni metnað, leggi sig fram og sinni náminu af alúð. Lögð er áhersla á að nemendur fái þá aðstoð og stuðning sem þeir þurfa og það sé þannig sameiginlegt markmið starfsmanna og nemenda að góður árangur náist. Enn segir að mikilvægt sé að nemendur séu virkir þátttakendur í námi sínu og öðlist nauðsynlega þekkingu og hæfni með því að vinna verkefni. Slík vinna auðveldi þeim að ná tókum á námsefninu, námið verði innihaldsríkara og efnið lærist betur.¹⁷

Almennt virðast kennarar nokkuð sáttir við fyrirkomulag kennslu og námsmats. Þeir segja að um sumt hafi verið erfitt að hefja kennslu við skólann. Við upphaf starfsins voru engar hefðir að styðjast við, kennsluform og námsmat var kennurunum nýtt og óþekkt. Þeir þurftu því að læra margt og segjast enn eiga margt ólært. Hins vegar hafa þeir trú á kennsluháttunum. Markmið þeirra sé að ýta undir sjálfstæði nemenda og auðvelda þeim að stjórna námshraða sínum með góðum stuðningi kennara og námsráðgjafa. Stundatafla er sveigjanleg með föstum kennslustundum annars vegar og verkefnatímum hins vegar. Í föstu

¹⁶ Skólasamningur Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og mennta- og menningarmálaráðuneytis. (2013).

¹⁷ Kennsluhættir í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. (2013).

kennslustundunum (um 83% heildartímans í hverjum áfanga) fer námið fram undir verkstjórn kennara en í verkefnatímum (um 17% heildartímans) stjórna nemendur sjálfir hvort þeir vinna sjálfstætt eða leita aðstoðar hjá þeim kennurum sem eru til staðar. Ekki er mætingaskylda í verkefnatímum og námið þar á ábyrgð nemendanna sjálfra. Áhersla er lögð á góða vinnuáðstöðu og stefnt er að því að skóladagurinn verði sem næst því að vera heildarvinnudagur nemandans. Litið er á öll rými í skólanum sem vinnusvæði. Í töflu 3 má sjá hvernig verkefnatímum er raðað niður á vorönn 2013.

Tafla 3: Verkefnatímar á vorönn 2013 eftir námsgreinum.¹⁸

Verkefnatímar á vorönn 2013 - kl. 12:40 - 13:20 á hverjum degi - Raðað eftir námsgreinum						
Námsgrein	Kennari	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
DAN - Danska	ÍDO	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur		Föstudagur
EÐL - Eðlisfræði	ÞH	Mánudagur	Þriðjudagur		Fimmtudagur	Föstudagur
EFN - Efnifræði	MGD	Mánudagur	Þriðjudagur			Föstudagur
ENS - Enska	HMS/BI	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
ÉSS - Ég, skólinn og samfélagið	JSB/VSK			Miðvikudagur	Fimmtudagur	
FÉL - Félagsgreinar	VSK/AE/BJ	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
HEI - Heilsuefning	HH			Miðvikudagur		
HSP - Heimspeki	AE	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
ÍSL - Íslenska	SA/PLB/JSB	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
ÍþF - Íþróttifræði	HH			Miðvikudagur		Föstudagur
LIS - Listir og menning	JJ			Miðvikudagur		
LÝÐ - Lýðheilsa	HH			Miðvikudagur		Föstudagur
MYN - Myndlist	JJ			Miðvikudagur		
NÁT - Náttúrufræði	MGD	Mánudagur	Þriðjudagur			Föstudagur
SAG - Saga	BJ	Mánudagur	Þriðjudagur		Fimmtudagur	Föstudagur
SÁL - Sálfræði	ÍRJ	Mánudagur	Þriðjudagur		Fimmtudagur	Föstudagur
MAM - Margmiðlun	ÞJB	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	
SPÆ - Spænska	ASS		Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
STÆ - Stærðfræði	VMJ/KE/ÞH	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
TEX - Textill og hönnun	STS					
TÖN - Tölvunotkun	ÞH	Mánudagur	Þriðjudagur		Fimmtudagur	Föstudagur
UMF - Umhverfisfræði	MGD	Mánudagur	Þriðjudagur			Föstudagur

Í töflunni koma fram námsgreinar og kennari eða kennarar og hvenær þeir eru til aðstoðar í verkefnatímum. Nemendur geta síðan ákveðið sjálfir á hvað þeir vilja leggja áherslu hverju sinni og geta leitað aðstoðar viðkomandi kennara.

Í viðtölum kom fram að nýting nemenda á verkefnatímum var fremur slök framan af en á því hefur orðið mikil breyting með árunum, einkum meðal eldri nemenda. Þá virðist reynslan sú að eftir því sem lengra líður á námstímann læri nemendur að nýta sér verkefnatímum. Ánægja virðist með þetta fyrirkomulag meðal kennara, nemenda og stjórnenda.

Upplýsingatækni er lykilatriði við þróun þessara vinnubragða og hún er nýtt til að auka fjölbreytni í kennsluháttum, til að auðvelda gagnaöflun og til að nemendur læri að nota efni sem aðgengilegt er á netinu á gagnrýnninn hátt. Fyrir utan efni í kennslubókum er allt námsefni í skólanum lagt fram í gegnum kennslukerfi á netinu sem hefur það í för með sér að áætlanir, verkefni, fyrimæli og annað sem kennarar vilja koma til nemenda er alltaf aðgengilegt.

Kennslufyrirkomulagið gerir kröfur um mikla tölvunotkun og þó að ekki sé krafa um að nemendur komi með eigin fartölvur í skólann er mun betra fyrir þá að hafa eigin tölvu.

¹⁸ Verkefnatímar. (2013).

Nauðsynlegt er að nemendur hafi aðgang að nettengdri tölvu heima en skólinn lánar vélar til nota í skólanum eftir þörfum.¹⁹ Um slík lán gilda sérstakar reglur.²⁰

3.1.2 Forfallakennsla

Einn kennari var í veikindaleyfi á haustönn 2012 og þrír kennarar skiptu kennslu hans á milli sín (um 80% af stöðu). Nemendur urðu af 143 kennslustundum á sömu önn vegna veikinda kennara eða veikinda barna þeirra og 30 kennslustundir féllu niður vegna annars, s.s. funda og endurmenntunar.²¹

3.1.3 Námsmat

Námsmat í FMOS tekur mið af hugmyndum um leiðsagnarmat, nemendur skila verkefnum og taka stuttar kannanir jafnt og þétt. Matið er veitt í formi umsagna frá kennurum og eru leiðbeinandi fyrir nemendur auk þess sem það gefur þeim tækifæri til að bæta árangur sinn. Í október og í mars fá nemendur miðannarmat þar sem gefnar eru einkunnir í bókstöfunum A, B, C og D. Í lok annar fá nemendur einkunnir í heilum tölum.²²

3.1.4 Námsáætlanir – kennsluáætlanir

Við upphaf náms í hverjum áfanga fá nemendur aðgang að kennsluáætlun í kennslukerfinu. Í henni á að vera lýsing á áfanganum og skilgreining á lokamarkmiðum, upplýsingar um námsgögn, kennsluaðferðir og námstilhögun, verkefnaskil og vægi hvers vinnuþáttar nemanda til námsmats og hvaða aðferðum er beitt við það.²³

3.1.5 Forvarna- og lýðheilsustefna

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ hefur mótað sér forvarna- og lýðheilsustefnu sem birt er á heimasíðu skólans. Í henni segir að skólinn kenni sig við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi og að í því felist meðal annars að efla mannauð með áherslu á lýðheilsu. Mikilvægt sé að forvarnarstarf sé hluti af daglegu starfi skólans.

Þá segir ennfremur að í forvarnarstefnu FMOS felist:

- Að nemendur og starfsfólk komi fram við hvert annað af gagnkvæmri virðingu.
- Að efla sjálfstraust og líkamlega vellíðan nemenda og starfsfólks.
- Að draga úr þáttum sem hafa neikvæð áhrif á heilsu og velferð.
- Að sporna gegn einelti af hvaða tagi sem er.

Þessum markmiðum segist skólinn ætla að ná með því að:

- Hvetja nemendur til að taka virkan þátt í námi og félagslífi
- Upplýsa og fræða nemendur um mikilvægi þess að taka ábyrgð á líkamlegri og andlegri heilsu og aðstoða þá við að finna leiðir.
- Starfsmenn séu meðvitaðir um líðan nemenda og komi til móts við þarfir þeirra.
- Auka aðgengi og jöfnuð nemenda að hreyfingu á og fyrir utan skólatíma.
- Skólinn eigi viðbragðsáætlanir gegn til dæmis einelti og ofbeldi/kynferðislegu áreiti, og framfylgi þeim.

¹⁹ Kennsluhættir í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. (2013).

²⁰ Lán á fartölvum til nemenda. (2012).

²¹ Guðbjörg Aðalbergisdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 27.2.

²² Sjálfsmatsskýrsla 2011–2012. (2012).

²³ Kennsluáætlanir. [Án árs].

- Koma í veg fyrir eða seinka neyslu hvers kyns fíkniefna.
- Efla uppbyggilegt starf, til dæmis íþróttir, listir og félagsstörf.
- Fræða starfsfólk um forvarnir og leiðir til að styðja við nemendur.
- Hvetja foreldra til að taka virkan þátt í skólagöngu barna sinna.
- Auka tengsl skóla við nærsamfélagið, svo sem íþróttafélagið og heilsugæsluna.

Íþróttakennari FMOS er forvarnarfulltrúi skólans og allir nemendur fara í áfanga sem kallast *Hreyfing og lýðheilsa*. Í honum er lögð áhersla á forvarnarfræðslu og nýtingu hennar til að stuðla að heilbrigðum lífsstíl. Einnig fara allir nemendur í áfangann *Ég, skólinn og samfélagið*, þar sem er unnið er á ýmsan hátt með forvarnir.²⁴

Haustið 2010 sótti skólinn um þátttöku í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og varð þátttakandi frá og með hausti 2011.²⁵

3.1.6 Jafnréttisstefna

Jafnréttisáætlun er í gildi í FMOS og birt á heimasíðu skólans. Markmið hennar eru að tryggja að gætt sé fyllsta jafnréttis á öllum sviðum, að sjá til þess að bæði starfsmenn og nemendur séu metnir á eigin forsendum og að allir fái notið hæfileika sinna án tillits til kynferðis, kynhneigðar, litarháttar, trúarskoðana, fötlunar, þjóðernis og uppruna eða stéttar. Þannig vill skólinn leitast við að hafa ávallt hæft starfsfólk í öllum stöðum og að mannauður nýtist sem best.

Þessum atriðum er fylgt eftir með nokkrum áherslupunktum um framkvæmd áætlunarinnar gagnvart starfsmönnum og nemendum:

A. Starfsmenn

- Launajafnrétti: greiða skal laun samkvæmt lögum og kjarasamningum.
- Starfsmenn eigi jafnan rétt á þátttöku í stjórnunarstörfum og við úthlutun verkefna innan skólans.
- Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og hvers kyns áreitni er ekki liðin.
- Reynt er að taka tillit til óska starfsmanna varðandi hlutastörf og sveigjanlegan vinnutíma til að auðvelda þeim að samræma starf og fjölskyldulíf.
- Starfsmenn eiga allir að hafa sömu möguleika til endurmenntunar.

B. Nemendur

- Allir nemendur eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu. Skólinn leitast við að byggja upp sjálfstæði og sjálfsvirðingu nemenda með það að markmiði að þeir læri að standa með sjálfum sér.
- Gengið er út frá því að allir séu jafnir og eigi jafnan rétt á tilveru sinni. Leitast skal við í kennslu að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi og vinna gegn hvers kyns fordómum.
- Stefna skólans er að miða kennslu út frá ólíkum þörfum nemenda og virða rétt þeirra til að hafa ólíkar skoðanir.
- Allir nemendur eiga jafnan rétt á þátttöku í félagslífi á vegum skólans og skal skólinn leitast við að hvetja þá til þátttöku og koma til móts við þarfir þeirra.

Jafnréttisfulltrúi skólans sér um framkvæmd jafnréttisáætlunar hans.²⁶

²⁴ Forvarna- og lýðheilsustefna FMOS. (2013).

²⁵ Sama heimild.

²⁶ Jafnréttisáætlun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. (2011).

3.1.7 Umhverfisstefna

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ hefur sett sér umhverfisstefnu og birtir hana á heimasíðu sinni. Þar segir að leitast sé við að starfsemi skólans og rekstur sé eins umhverfisvænn og kostur er. Lögð sé áhersla á að efla umhverfisvitund nemenda og auka ábyrgðartilfinningu þeirra fyrir bæði sínu nánasta umhverfi og á hnattvísu. Til að styðja við áherslur skólans í umhverfismálum gildir eftirfarandi:

- Ráðgefandi umhverfisnefnd skipuð fulltrúum nemenda, kennara, skólastjórnenda og annarra starfsmanna starfar innan skóla.
- Umhverfisfræði er skylduáfangi fyrir alla nemendur. Í honum kynnast þeir umhverfismálum í víðu samhengi en fá jafnframt tækifæri til að kynna sér nánar málefni innan umhverfisfræðinnar sem þeir hafa mestan áhuga á.
- Allir starfsmenn fá stuðning til að sækja námskeið og ráðstefnur sem lúta að menntun til sjálfbærni, bæði til eflingar kennslu og í þágu umhverfisvænna starfshátta skólans.
- Endurvinnslukassar fyrir pappír eru í öllum stofum og á skrifstofu. Endurvinnslukassar fyrir dósir og flöskur eru á hverri hæð skólans.
- Sparperur eru notaðar í öllum ljósastæðum.
- Matvæli eru keypt í stórum einingum þegar það er hægt til að minnka magn umbúða sem þarf að farga.
- Verkefni og námsefni eru að mestu leyti á rafrænu formi. Starfsmenn prenta út eins lítið og unnt er og prenta báðum megin á blöðin þegar það er hægt.
- Til að auðvelda starfsfólki og nemendum að nýta vistvæna ferðamáta til og frá skóla hefur verið sett upp grind fyrir utan skólann til að læsa reiðhjólum við.²⁷

Umhverfisstefnan hefur verið óbreytt frá árinu 2011 en í henni voru skilgreind næstu skref í átt að menntun til sjálfbærni:

- Að áherslur skólans á umhverfi og auðlindir endurspeglar í öllum námsgreinum.
- Að nemendum verði gefinn kostur á að taka virkan þátt í að móta og framkvæma stefnu skólans í umhverfismálum, meðal annars með því að bjóða þeim að vinna að þessum málaflokki innan umhverfisfræðiáfangans sem allir nemendur taka.
- Nemendum bjóðist valáfangar í umhverfisfræði.
- Allt sorp verði flokkað. Athugað verði hvort raunhæft sé að safna lífrænum úrgangi til moltugerðar.
- Athugað verði hvort nota eigi umhverfisvænni efni við ræstingar í skólanum.
- Farið verði yfir samgöngumál í tengslum við skólann.
- Við innkaup verði tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða.²⁸

3.2 Þróunarverkefni

Þróunarvinna hefur verið í gangi frá stofnun skólans og hefur hún aðallega beinst að samningu skólanámskrár og stefnuskjala, þróun nýrra áfanga og kennsluhátta og notkun leiðsagnarmats. Mat hefur verið lagt á flesta þætti þróunarvinnunnar þótt hún hafi ekki verið hluti af sjálfsmatsáætlun skólans til þessa en verður það á næstu þremur árum.²⁹

Í bréfi frá skólameistara kemur fram að skólinn hefur tekið þátt í þróunarverkefni um nýja námskrá í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðneytið frá stofnun hans 2009. Frá sama tíma hefur verið unnið að þróun kennsluaðferða og leiðsagnarmats og frá 2011 hefur verið unnið markvisst að ýmsum verkefnum sem miða að því að minnka brotthvarf,

²⁷ Umhverfisstefna Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. (2011).

²⁸ Sama heimild.

²⁹ Sjálfsmatsskýrsla 2011–2012. (2012).

vinnustofu náms- og starfsráðgjafa, stuðningi í kennslustundum og erkiumsjón (sjá kafla 4.1).³⁰

3.3 Mat úttektaraðila

- Í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ er reynt að samhæfa skólanámskrá og heimasíðu skólans. Samningu námskrárinnar er ekki lokið og áform um framhald vinnu við hana virðast nokkuð á reiki.
- Kennsluhættir í FMOS ýta undir sjálfstæði nemenda og auðvelda þeim að stjórna námshraða sínum með góðum stuðningi kennara og námsráðgjafa.
- Í FMOS eru notaðar verkefnamiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat sem nýtur hvort tveggja hylli meðal nemenda og kennara. Hvort tveggja er í sífældri þróun og rétt væri að efna til námskeiða og/eða vinnudaga kennara um skipulagningu og framkvæmd þessara þátta.
- Sveigjanleg stundaskrá og markviss notkun rafræns kennslukerfis virðist skila góðum árangri í námi og kennslu.
- Sérstakar áherslur Framhaldsskólans í Mosfellsbæ eru vel skilgreindar og þeim er fylgt eftir með áföngum sem öllum nemendum er skylt að taka.
- Stefnuskjöl FMOS (forvarna- og lýðheilsustefna, jafnréttisstefna og umhverfisstefna) eru sett fram með skýrum hætti.
- Meta þarf framkvæmd stefnuskjala FMOS með markvissum hætti.

³⁰ Guðbjörg Aðalbergsdóttir. (2013). Bréf til úttektaraðila, dags. 27.2.

4 Nemendur

Nemendum í FMOS hefur fjölgað mikið þau fáu ár sem skólinn hefur starfað. Haustið 2009 voru þeir 75, ári síðar voru þeir 165 og enn ári síðar 250. Á síðasta hausti, 2012, voru innritaðir nemendur samtals 243, allir í bóknámi.³¹

Flestir nemenda koma úr Mosfellsbæ og Grafarvogi/Grafarholti eins og sjá má af töflu 4.

Tafla 4: Uppruni nemenda á haustönn 2012.

Mosfellsbær	37%
Grafarvogur/Grafarholt	32%
Árbær og Breiðholt	9%
Kjalarnes	6%
Akranes	6%
Annað	10%

Að sögn skólameistara hefur það komið á óvart hversu fáir yngri nemendur hafa sótt skólann, sérstaklega úr Mosfellsbæ, en að vonir standi til að þeim fjölgi á næstu árum.

Aldursdreifing er allmikil í nemendahópnum sem sjá má af því að 44% nemenda eru komnir yfir tvítugsaldurinn, fæddir árið 1992 eða fyrr. Kynskipting í nemendahópnum er jöfn, 122 karlar og 121 kona (Tafla 5).³²

Tafla 5: Fjöldi innritaðra nemenda 15. september 2012 eftir fæðingarárgöngum.

Árgangur	Fjöldi	%
1957–1986	7	3
1988–1990	39	16
1991	30	12
1992	31	13
1993	47	19
1994	30	12
1995	27	11
1996	32	13
Samtals:	243	100

Þessi nemendasamsetning er óvenjuleg í hefðbundnum bóknámsskóla en að sögn skólameistara er starfslið skólans ánægt með hvernig þessi mikla aldursblöndun gengur. Í hópi hinna eldri séu margir einstaklingar sem hafa ekki fundið sig í námi í öðrum framhaldsskólum en líki vel í FMOS og gangi vel. Starfslið skólans sé stolt af því. Fram kom í viðtölum við nemendur sem kennara að þessi mikla aldurskipting hefur margvísleg áhrif, svo sem á félagslíf nemenda.


4.1 Brottfall

Brottfall nemenda er talsvert í FMOS. Af þeim 243 sem taldir eru í töflu 4 brautskráðust níu í desember 2012, 38 hurfu alveg frá námi en 196 skráðu sig í áfanga á vorönn 2013. Þeir 38 sem hurfu alveg frá námi eru rúm 16% þeirra 234 sem hefðu getað haldið áfram á vorönn 2013. Það er álit aðstoðarskólameistara að brottfallshópin skipi einkum „eldri“ nemendur

³¹ Guðbjörg Aðalbergisdóttir. (2013). Bréf til úttektaraðila, dags. 27.2.

³² Sama heimild.

skólans (tvítugir og eldri) en nákvæm skráning þeirra liggur ekki fyrir.³³ Önnur aðferð við að sýna brottfall nemenda frá stofnun skólans er sýnd á mynd 3. Brottfall þar er reiknað sem brottfall innan annar, þ.e. heildareiningafjöldi þegar tvær til þrjár vikur eru liðnar af önn mínus heildareiningafjöldi við lok annar (Mynd 3).³⁴



Mynd 3: Brottfall nemenda úr Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ 2009–2012.

Það er vandkvæðum bundið við allan samanburð á milli skóla hversu aðferðir við mælingar á brottfalli eru ósamstæðar. Sú aðferðafræði sem hér er valin er óhefðbundin og sýnir heldur hærra brottfallshlutfall en almennt gerist í framhaldsskólum. Ástæðan er sú að hún segir ekki til um hversu hátt hlutfall nemendahópsins hefur alveg hætt námi í skólanum eins og brottfallstölur úr skólum almennt gera, heldur hversu hátt hlutfall nemendahópsins gerir breytingar á námi (minnkar nám) sínu á hverri önn. Þetta skýrist vel í töflu 6.

Tafla 6: Aðsókn og innritun nemenda á haustönn 2012 og vorönn 2013.

	Innritaðir	Fá stundatöflu	Eftir þrjár vikur
Haustönn 2012	279	257	241
Vorönn 2013	255	244	242

Á haustönn 2012 innrituðust 279 nemendur, 22 sóttu ekki stundatöflu og eftir þrjár vikur var einungis 241 nemandi virkur og enn á skrá. Alls breytist nemendatalan á þessum þremur fyrstu vikum á haustönn um 38 nemendur. Heldur minna er brottfallið á vorönninni en þá innritast 255 í skólann. Ellefu færri sækja stundatöflu eða 244 og þremur vikum síðar hefur nemendum enn fækkað um tvo, eru orðnir 242. Þessi mikla hreyfing á nemendum fyrstu þrjár vikur skólaársins gerir skólanum erfitt fyrir að skipuleggja kennslu, sérstaklega í fámennum námsáföngum.

Í nýsamþykktum skólasamningi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 13.2.2013, er gert ráð fyrir að brottfall úr skólanum verði ekki yfir 18% í lok þessa árs.³⁵ Til að ná brottfallsmarkmiðum sínum hefur skólinn þegar hleypt af stokkunum svokölluðu erkiumsþónarkerfi, sem felst í því að þrír kennarar hafa tekið að sér sex nemendur hver og fylgjast kennararnir með öllu starfi umbjóðenda sinna. Umsjón af þessu tagi er námstilboð til nemenda og fá færri en vilja. Jafnframt áformar skólinn að setja

³³ Guðrún Guðjónsdóttir. (2013). Viðtal við úttektaraðila 5.3.

³⁴ Guðbjörg Aðalbergisdóttir. (2013). Bréf til úttektaraðila, dags. 27.2.

³⁵ Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013 og 2014 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ (2013), dags. 13.2.

upp vinnustofu með náms- og starfsráðgjöfum sem verði að fullu komin til framkvæmda á haustönn 2013.³⁶

4.2 Fjarvistir

Mikið ber á fjarvistum nemenda úr kennslu- og verkefnatímum að sögn námsráðgjafa og nokkuð er um að nemendur hverfi frá námi vegna þess að þeir sinna því ekki. Einkum eru það eldri nemendur og ef til vill er sá hópur brothættari en hinir yngri sem hafa aðhald að heiman. Þótt náms- og starfsráðgjafar séu hrifnir af kennsluforminu telja þeir að nemendur þurfi að nýta betur tíma sinn, einkum verkefnatímana. Þróunin sé samt í rétta átt.

4.2.1 Umsjónarkennsla

Sérhver nemandi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ hefur umsjónarkennara sem fylgist með ástundun og mætingum og hefur samband við foreldra/forráðamenn ef ástæða er til. Meðal annarra verkefna umsjónarkennara er að hitta hvern nemanda einslega að minnsta kosti einu sinni á önn; að aðstoða nemendur við að gera námsferilsáætlun og vera þeim til ráðgjafa um ýmislegt er varðar námsframvindu; að aðstoða nemendur við val; að vera talsmaður umsjónarnemenda sinna þegar við á.³⁷ Allar helstu upplýsingar sem nemendur þurfa á að halda í daglegu starfi eru birtar í bæklingnum *Klöru* sem aðgengilegur er á heimasíðu skólans.³⁸

4.3 Nemendur með sérþarfir

Af hálfu menntamálaráðuneytis er gert ráð fyrir því að sérfræðiþjónusta sveitarfélaga geti tekið að sér að veita sérfræðiþjónustu í framhaldsskólum með þjónustusamningum við framhaldsskóla eða mennta- og menningarmálaráðuneyti.³⁹ Engin sérfræðiþjónusta er við FMOS en að sögn skólameistara hefur stundum verið rætt um að gera samning við bæjarfélagið um að fá að beina nemendum til sérfræðiþjónustu skóla. Jafnframt sé þörf á því að kennarar geti leitað eftir ráðgjöf til slíkrar stofnunar. Ekki hefur orðið af því enn að leita eftir slíkum samningi.

Nemendur geta leitað liðsinnis námsráðgjafa um hvaðeina er varðar námsgengi og persónuleg málefni. Nemendur geta sjálfir haft frumkvæði að slíku, stundum eiga námsráðgjafar það og í sumum tilvikum eiga samskiptin upphaf sitt hjá foreldrum eða kennurum. Þá er sérstakt stuðningskerfi fyrir nemendur sem glíma við námsörðugleika og hvers kyns hindranir í námi, svo sem athyglisbrest, lesblindu og aðra sértæka námsörðugleika. Nemendur fá aukinn stuðning frá kennara í byrjunaráföngum og aðstoðarkennara í kennslustundum.⁴⁰

4.3.1 Sérnámsbraut

FMOS starfrækir sérnámsbraut (starfsbraut) fyrir fatlaða nemendur. Hún er ætluð nemendum sem notið hafa verulegrar sérkennslu í grunnskóla og þurfa einstaklingsmiðað nám. Henni lýkur með útskriftarskírteini af sérnámsbraut. Meðalnámstími er 6–7 annir.

³⁶ Sama heimild.

³⁷ *Umsjónarkerfi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ*. [Án árs].

³⁸ *Klara – upplýsingar um skólastarf í FMOS*. (2013).

³⁹ *Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010*.

⁴⁰ *Nemendur með sérþarfir*. (2012).

Nemendur á sérnámsbraut fá aðlagð, einstaklingsmiðað námstilboð þar sem kennslan er byggð á námsáætlun fyrir nemendahóp eða einstakling. Áætlanir eru unnar út frá markmiðum aðalnámskrár framhaldsskóla ásamt bakgrunnsupplýsingum um þarfir nemenda og mati á stöðu í námi og þroska.

Nemendur á sérnámsbraut geta jafnframt sótt nám í áföngum á öðrum brautum með eða án stuðnings, miðað við þekkingu, færni og hæfni í námsefni áfanganna.

Almenn markmið brautarinnar eru:

- Að stuðla að alhliða þroska nemenda og efla færni þeirra í félagslegum samskiptum.
- Að örva með leiðsagnarmati aukið sjálfstæði og sjálfstraust til daglegra athafna.
- Að veita menntun sem nýtist í daglegu starfi og tómstundum.
- Að nemendur eigi möguleika á að sækja almenna áfanga miðað við hæfni og getu.
- Að nemendur fái tækifæri til að kynnast atvinnulífi með vettvangsferðum (fyrirtækjaheimsóknum) og starfskynningum.
- Að nemendur fái tækifæri til að tengja saman nám og einföld störf í skóla og á almennum eða vernduðum vinnustað.⁴¹

4.4 Nemendur af erlendum uppruna

Mjög fáir nemendur af erlendum uppruna hafa hafið nám í FMOS. Nokkuð er af nemendum af erlendum uppruna í grunnskólum Mosfellsbæjar en ekki er ljóst hvert þeir sækja framhaldsnám að grunnskólanámi loknu. Nemendum með annað móðurmál en íslensku býðst einstaklingsmiðuð kennsla í íslensku. Í byrjun fara þeir í viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa og fá umsjónarkennara sem styður við þá. Þeir fá einnig sérstaka íslenskukennslu þar sem kennari greinir og metur hæfni þeirra í málinu og finnur úrræði og aðferðir til þjálfunar.⁴²

4.5 Nemendafélag

Í FMOS er starfandi nemendafélag (NFFMOS) og er umsjón þess í höndum nemendaráðs. Á vorönn eru kosnir fulltrúar í ráðið til eins árs í senn og hafa allir nemendur skólans jöfn tækifæri til að bjóða sig fram. Markmið nemendaráðs er að bjóða upp á ýmsa viðburði og stuðla að góðum anda í skólanum. Nemendur skólans greiða félagsgjöld í NFFMOS samhliða skráningargjöldum í skólann á hverri önn en þátttaka er valfrjál.

Innan NFFMOS starfa þrjár nefndir með afmörkuð verkefni: *skemmtinefnd* sem annast félagslíf; *fjölmíðlanefnd* sem birtir upplýsingar og fréttir, sér til dæmis um vefsíðu nemendafélagsins og myndatökur á viðburðum; *íþróttanefnd* sem sér um íþróttatengda viðburði í skólanum.⁴³

Að sögn skólameistara er margt á móti nemendum við að byggja upp félagsstarf innan skólans. Engar hefðir eru til staðar, nemendur frekar fáir og hátt hlutfall þeirra er eldri en átján ára. Við hækkun lögræðisaldurs í átján ár hafi nemendahópur framhaldsskólanna skipst í tvennt og að sama félagslíf höfði illa til þeirra beggja.

⁴¹ Sérnámsbraut. (2012).

⁴² Nemendur með sérþarfir. (2012).

⁴³ Nemendafélag. (2012).

4.6 Mat úttektaraðila

- Mikil hreyfing á nemendum fyrstu þrjár vikur skólaársins gerir skólanum erfitt fyrir að skipuleggja kennslu, sérstaklega í fámennum námsáföngum.
- Umsjónarkerfi FMOS er gott og skilvirkt.
- Upplýsingar til nemenda eru settar fram með fullnægjandi hætti í upplýsingabæklingnum *Klöru*.
- Sérnámsbraut (starfsbraut) er fyrir fatlaða nemendur.
- Brottfall nemenda er of mikið en erkiumsjónarkerfið er markviss og áhugaverð tilraun til þess að sporna gegn því.
- Fjarvistir eru miklar sem að einhverju leyti má rekja til kennslufyrirkomulagsins.
- Nemendafélagið (NFFMOS) stendur fyrir félagslífi í skólanum.
- Hár meðalaldur nemenda hefur neikvæð áhrif á félagslíf þeirra.
- Skólinn þarf að gera samninga við bæjarfélagið um heilsugæslu og sérfræðiþjónustu við skólann.

5 Mannauður

Kennaralið Framhaldsskólans í Mosfellsbæ er bæði tiltölulega ungt að árum og vel menntað. Að sögn skólameistara hefur gengið vel að ráða kennara til starfa, umsóknir hafa verið margar og starfsmannavelta lítil. Eðlilega eru litlar hefðir enn til í skólanum og margir kennarar stíga þar sín fyrstu skref í starfi. Kennarahópurinn er þar með lítt bundinn af fyrri stofnanahefðum og venjum og líklega reiðubúnari en ella til þess að feta lítt troðnar brautir við þróun kennsluhátta og námsmats.

5.1 Starfsfólk

Skólameistari og aðstoðarskólameistari Framhaldsskólans í Mosfellsbæ eru í fullu starfi án kennsluskyldu. Skólameistari er Guðbjörg Aðalbergisdóttir en aðstoðarskólameistari er Guðrún Guðjónsdóttir. Kennarar í föstum stöðum eru 21, þar af 19 í fullu starfi og tveir í um 80% starfi hvor. Konur eru fjórtán (67%) og karlar 7 (33%). Allir hafa full kennsluréttindi og eru menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna, leiðbeinendur eru engir og stundakennarar ekki heldur. Fimm kennaranna eru með BA/BS-próf, sextán eru með MA/MS/M.Ed.-próf.

Aðrir starfsmenn eru eftirfarandi:

- Umsjónarmaður tölvukerfis (25% starf), karlmaður.
- Fjármála- og skrifstofustjóri (100% starf), kona.
- Tveir náms- og starfsráðgjafar (annar í 50% starfshlutfalli, hinn 60%), konur.
- Umsjónarmaður fasteigna (100% starf), karlmaður. Hann sinnir einnig almennum skrifstofustörfum með fjármála- og skrifstofustjóra.
- Stuðningsfulltrúi (70% starf), kona.

5.2 Starfsmannastefna

Engin skráð starfsmannastefna er í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ en hún er í vinnslu.

5.3 Endurmenntunarstefna

FMOS hefur enga sérstaka endurmenntunarstefnu en að sögn skólameistara eru kennarar hvattir til að sækja endurmenntun og skólinn reynir að auðvelda þeim það. Endurmenntun og starfsþróun er sérstaklega rædd við kennara á matsfundum.⁴⁴ Í stöku tilfellum styrkir skólinn kennara á námskeið og einnig er þeim bent á sjóði fagfélaganna. Kennarar hafa því mjög frjálsar hendur með endurmenntun sína. Dæmi eru um að skólinn haldi námskeið eða fræðslufundi fyrir kennara.

5.4 Starfsmannavelta

Í svo ungum skóla sem FMOS er eðlilegt að nokkurn tíma taki að koma jafnvægi á starfsmannahópin. Starfsaldur kennara er eðlilega lágur við skólann, fimmtán þeirra hafa unnið í þrjú ár eða skemur en sex lengur. Sé litið til baka sést að tveir kennarar hættu eftir eitt til tvö ár í starfi og einn annar starfsmaður hætti eftir þrjú ár. Stundakennarar voru um skeið nokkrir en ekki lengur.⁴⁵

⁴⁴ Guðbjörg Aðalbergisdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 27.2.

⁴⁵ Sama heimild.

5.5 Móttaka nýrra kennara

Engar skráðar upplýsingar eru til um móttöku nýrra kennara. Aðstoðarskólameistari segir að þegar nýr kennari kemur til starfa taki skólameistari og aðstoðarskólameistari á móti honum og fari yfir stefnu skólans, kennsluhætti og námsmat.

5.6 Siðareglur

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ hefur ekki skráðar siðareglur. Drög hafa verið samin og verða bráðlega lögð fram til umræðu á kennarafundi að sögn stjórnenda.

5.7 Mat úttektaraðila

- Starfsmannavelta er lítil í FMOS sem bendir til góðrar líðanar starfsmanna á vinnustað.
- Ungur kennarahópur er í FMOS, lítt bundinn af hefðum og venjum fyrri vinnustaða.
- Skólinn er mannaður vel menntuðum kennurum.
- Ljúka þarf gerð starfsmanna- og endurmenntunarstefnu fyrir FMOS.
- Semja þarf FMOS siðareglur.
- Ákveðið formleysi er um ýmsa þætti skólastarfsins og heppilegt að gera breytingar þar á.

6 Skólabragur

Skólabragur Framhaldsskólans í Mosfellsbæ einkennist öðru fremur af því húsnaði sem skólinn hefur til umráða og smæð skólasamfélagsins. Skólahúsið er á þremur hæðum, það er þröngt og nær engin sameiginleg rými eru til staðar. Nemendur sem vilja setjast niður og læra utan kennslustunda eiga sér ekkert annað athvarf en þröngt nemendarými á þriðju hæð og oft kjósa þeir einfaldlega að sitja inni í kennslustundum með öðrum námshópum og reyna að einbeita sér að verkum sínum þar.

Annað dæmi um þrengslin er að kennarar hafa enga sérstaka vinnuáðstöðu og „kennarastofan“ rúmar þá ekki alla í senn. Þar hvílast þeir í frímínútum, þar matast þeir og þar er eina vinnuáðstaða þeirra utan kennslustofa.

Þriðja dæmi um þrengslin er mikið þröngbýli á skrifstofu skólans. Þrengslin þar og annars staðar í húsinu kalla á gott samlyndi allra aðila og gera kröfu um mikið umburðarlyndi.

Í samtölum við nemendur sem starfsmenn kom fram það einróma álit að þrengslin séu eitt aðaleinkenni skólans en um leið kalli nábylíð á sterka samkennd og samheldni. Stutt sé á milli allra aðila, auðvelt að hafa samband við þann sem þarf hverju sinni og jákvæðni sé ríkjandi. Fjármála- og skrifstofustjóri orðaði þetta svo að einstök þjónustulund og hjálpssemi í garð nemenda sé eitt helsta aðalsmerki skólans. Samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu, léttleika og vinalegu viðmóti.

Af öðrum einkennum á skólabragnum nefndu nemendur sem kennarar námsfyrirkomulagið (verkefnamiðun) og leiðsagnarmatið.


Þá skal nefnt að flutninginn í nýtt skólahús bar oft á góma í viðtölum og samhliða mikilli tilhlökkun mátti greina vissan ótta við að hluti nándarinnar í Brúarlandi muni óhjákvæmilega víkja við flutninginn og nauðsynlegt sé að halda vel vöku sinni um að varðveita mikilvægi hennar.

6.1 Mat úttektaraðila

- Skólabragur í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ virðist góður og nemendum sem kennurum virðist líða vel þrátt fyrir mikil þrengsli.
- Nemendur virðast hafa mikið frjálrsræði í skólanum.
- Starfsmannahópurinn virðist reiðubúinn til samvinnu og samstarfs af hvaða tagi sem er.
- Nábylíð í húsnaðinu kallar á sterka samkennd og samheldni.
- Samskipti virðast einkennast af gagnkvæmri virðingu, léttleika og vinalegu viðmóti.

7 Stjórnun og rekstur

Skipurit Framhaldsskólans í Mosfellsbæ er birt á heimasíðu hans.⁴⁶ Er úttektaraðilar spurðu í heimsókn sinni í skólann hvort skipuritið sem þá var kynnt á heimasíðu hans endurspeglaði stjórnunaruppbyggingu hans var þeim tjáð að gerðar hefðu verið breytingar á því en láðst hefði að setja hið nýja skipurit á vefsíðuna. Úr því var bætt og skipuritið nýja sett upp. Því fylgja þó engar skýringar af hálfu skólans (Mynd 4).



Mynd 4: Skipurit Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.

Í samtölum við stjórnendur, skólanefnd og kennara kom fram að lítil umræða hefur farið fram um skipurit skólans eða stjórnun hans. Þegar skipuritið er skoðað má sjá að þar er ekki gerð grein fyrir skólaráði sem hluta af stjórnkerfi skólans og athyglisvert er með hvaða hætti stoðkerfi hans er staðsett. Í rýnihópi kennara kom fram að þörf væri á að breikka stjórnun skólans og fjölga stjórnunarhlutverkunum, til dæmis með stöðum áfangastjóra og deildarstjóra.

7.1 Skólanefnd

Skólanefnd FMOS er skipuð í samræmi við opinber fyrirmæli og heldur hún að jafnaði fjóra til fimm fundi á ári. Nöfn flestra nefndarmanna eru birt á heimasíðu skólans en engar aðrar upplýsingar er þar um nefndina eða störf hennar að hafa. Fundargerðir skólanefndar eru ekki aðgengilegar á vef skólans. Í viðtali við nefndarmenn kom fram að umboð þeirra er á enda en dregist hefur að ganga frá skipun nýrra fulltrúa. Þeir og skólameistari voru sammála um að skólanefndir framhaldsskóla séu stjórnsýslulega veikar einingar og fundir þeirra fari mest í upplýsingagjöf og ýmislegt samráð.

7.2 Skólaráð

Sama er að segja um skólaráð og skólanefnd að aðeins eru birt nöfn sumra skólaráðsfulltrúa á heimasíðu skólans en engar aðrar upplýsingar eru þar um störf eða starfshætti. Fundargerðir

⁴⁶ Skipurit FMOS. (2013).

skólaráðs eru ekki aðgengilegar á vef skólans. Skólameistari segir ráðið lítið virkt, helst fjalli það um málefni nemenda sem lent hafa í vandræðum með tímasókn eða annað. Nemanda er til dæmis ekki vísað úr skóla nema skólaráð hafi um mál hans fjallað.

7.3 Skólafundur

Samkvæmt 9. grein laga um framhaldsskóla er skylt að halda skólafundi að minnsta kosti einu sinni á ári. Rétt til setu á slíkum fundi eiga allir starfsmenn skóla ásamt fulltrúum nemenda samkvæmt nánari ákvörðun skólameistara. Á skólafundi ber að ræða málefni viðkomandi skóla og fundargerð hans skal kynnt skólanefnd.⁴⁷

Að sögn skólameistara eru haldnir húsfundir (nokkurs konar skólafundir) einu sinni á önn sem allir nemendur og starfsmenn eru boðaðir til. Þeir eru haldnir í kjölfar viðhorfsskönnunarinnar sem lögð er fyrir nemendur og aðalumræðuefnið snýst um niðurstöður hennar og viðbrögð við þeim. Á þessum fundum eru ekki skrifaðar fundargerðir en umræður eru kynntar óformlega á skólanefndarfundum.⁴⁸

7.4 Rekstur skólans

Fjárhagslegur rekstur Framhaldsskólans í Mosfellsbæ hefur gengið þokkalega og var hallalaus árið 2012.

7.5 Mat úttektaraðila

- Fulltrúar í skólanefnd lýsa vilja til aukinna áhrifa á stefnumótun skólans.
- Skólaráð er óvirkt og skólanefnd fundar sjaldan. Úr því þarf að bæta.
- Húsfundir eru haldnir í stað lögbundinna skólafunda. Niðurstöður þeirra eru hvorki skráðar né kynntar með formlegum hætti.
- Rekstur FMOS er í jafnvægi.

⁴⁷ Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

⁴⁸ Guðbjörg Aðalbergisdóttir. (2013). Bréf til úttektaraðila, dags. 3.5.

8 Innra mat

Í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ er starfandi sjálfsmatshópur sem skipaður er skólameistara, aðstoðarskólameistara, námsráðgjafa og tveimur kennurum. Aðstoðarskólameistari stýrir starfi hópsins sem hittist að jafnaði einu sinni í viku og ber ábyrgð á að sjálfsmatsáætlun sé gerð og henni fylgt eftir. Gildandi sjálfsmatsáætlun nær frá hausti 2012 til vors 2015 og er birt á heimasíðu skólans (Tafla 7).⁴⁹

Tafla 7: Áætlun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ um innra mat 2012–2015.

Haustönn 2012

Viðhorfsskönnun – líðan – aðstaða – skipulag
kennslu
Matsfundir
Upplýsingar um námsárangur
Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)
Mat kennara á áföngum
Endurskoðun á skólanámskrá

Haustönn 2013

Viðhorfsskönnun – líðan – aðstaða – skipulag
kennslu
Matsfundir
Upplýsingar um námsárangur
Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)
Rýnihópur útskrifaðra nemenda

Haustönn 2014

Viðhorfsskönnun – líðan – aðstaða – skipulag
kennslu
Matsfundir
Upplýsingar um námsárangur
Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)
Könnun á stoðkerfi skólans

Vorönn 2013

Viðhorfsskönnun – líðan – aðstaða – skipulag
kennslu
Matsfundir
Upplýsingar um námsárangur
Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)
Mat á umsjónarkennarakerfinu
Kennsluhættir – kennsluaðferðir

Vorönn 2014

Viðhorfsskönnun – líðan – aðstaða – skipulag
kennslu
Matsfundir
Upplýsingar um námsárangur
Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)
Könnun á líðan starfsmanna

Vorönn 2015

Viðhorfsskönnun – líðan – aðstaða – skipulag
kennslu
Matsfundir
Upplýsingar um námsárangur
Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)
Könnun á þjónustu bókasafns
Könnun á þjónustu mótuneytis

Á heimasíðu FMOS er einnig birt sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2011–2012 þar sem sagt er frá nokkrum könnunum sem gerðar hafa verið.⁵⁰

Í fyrsta lagi er nefnt að gert hafi verið kennslumat hjá öllum kennurum skólans, helmingi kennara á hvorri önn, samtals í 56 hópum. Þessar kannanir fara fram í formi matsfunda þar sem stjórnendur hitta námshópa og halda formlegan matsfund þar sem farið er í þrjá umræðuhringi. Í fyrsta hring er hverjum nemanda gefið orðið og hann beðinn um að nefna það sem jákvætt er og gott við kennsluna í þessum áfanga. Í öðrum hring eru nemendur beðnir um að koma með hugmyndir að úrbótum, hvað má bæta eða breyta við kennsluna í áfanganum. Að lokum er farinn einn hringur enn þar sem nemendur mega ræða hvað sem er sem tengist skólastarfinu. Niðurstöður kennslumats hafa almennt verið jákvæðar, þær eru skráðar niður og hver kennari fær þær afhentar á fundi með stjórnendum. Í sjálfsmatsskýrslu skólans er lokið lofsorði á þessa matsaðferð, hún veiti nemendum tækifæri til þess að tjá sig

⁴⁹ *Sjálfsmatsáætlun 2012–2015. [Án árs].*

⁵⁰ *Sjálfsmatsskýrsla 2011–2012. (2012).*

og venji þá við að láta skoðanir sínar í ljós á málefnalegan hátt. Þá er einnig tekið fram að farið hafi verið eftir tilteknum ábendingum þeirra um það sem betur má fara í skólastarfinu. Í rýnihópi kennara kom aftur á móti fram að sumum þeirra finnst þessi matsaðferð valda ákveðnu álagi þeirra á meðal. Lítil umræða hafi farið fram um aðferðafræðina að baki, framkvæmdin sé vandasöm og geti leitt til misvísana og misskilnings. Hins vegar lýstu nemendur almennt mikilli ánægju með þetta fyrirkomulag.

Í öðru lagi segir í sjálfsmatsskýrslunni frá viðhorfsskönnunum sem lagðar eru fyrir nemendur á báðum önnum. Í þeim var spurt um upplifun nemenda af kennslu, kennslu-aðferðum, námsmati, vinnuálagi, líðan í skólanum, félagslífi og spurt hvernig þjónusta sem í boði er nýtist þeim. Að niðurstöðum fengnum er haldinn húsfundur með nemendum og starfsfólki og þær ræddar. Meginniðurstaða viðhorfsskannanna er að nemendur eru almennt ánægðir og þeim líður vel í skólanum.

Í þriðja lagi er sagt frá könnun á líðan starfsmanna sem gerð var á vorönn. Spurt var meðal annars um upplifun starfsmanna á starfsanda, faglegu starfi, stjórnun og vinnuálagi. Í skýrslunni segir að niðurstöður bendi til að almenn ánægja sé á meðal starfsmanna en þeir upplifi mikið vinnuálag sem tengist fyrst og fremst slökum mætingum nemenda og miklum verkefnaskilum. Þá kemur fram að kennarar telja að kennarafundir megi vera markvissari og betur unnið úr þeim málum sem þar eru rædd.

Mjög litlar tölulegar niðurstöður eru í þessari sjálfsmatsskýrslu en fram kemur að ákveðið hefur verið að bæta mati á þróunarvinnu innan skólans við í sjálfsmat komandi ára. Í rýnihópi kennara kom fram að lítil umræða hefur verið um sjálfsmatið á fundum þeirra og sumum kennaranna var algjörlega ókunnugt um sjálfsmatsskýrslu skólans.

8.1 Mat úttektaraðila

- Sjálfsmatsáætlun FMOS er til staðar en ekki er að sjá af henni að ýmis stefnuskjöl skólans séu lögð til grundvallar.
- Upplýsingar í sjálfsmatsskýrslu FMOS eru almennar og erfitt er að gera sér mynd af skólastarfinu út frá þeim. Markvissar þarf að nýta beinar tölulegar vísbendingar og/eða niðurstöður.
- Erfitt er að henda reiður á raunverulegu gildi matsfunda skólastjórnenda með nemendum.
- Bæta þarf form, stjórnun og eftirfylgni kennarafunda.
- Mikilvægt er að drög að sjálfsmatsskýrslu séu rækilega kynnt meðal kennara og þeirra aðila er þátt tóku í að veita upplýsingar áður en endanlega er gengið frá henni.

9 Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Við FMOS á að starfa foreldraráð og á foreldrafundi 8. desember 2010 voru gerðar samþykktir um það og kosin stjórn. Tilgangur með stofnun ráðsins var að stuðla að auknum gæðum skólans og leitast við að bæta almenn skilyrði og aðstæður einstakra nemenda til menntunar og almenns þroska. Þeim markmiðum ætlaði ráðið sér að ná með því meðal annars að:

- Styðja skólann í áherslum sínum er varða lýðheilsu, umhverfis- og auðlindamál.
- Stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna í fullu samráði við stjórn nemendafélags, félagsmálafulltrúa og forvarnarfulltrúa skólans.
- Auka sýnileika og nánd foreldra/forráðamanna sem veiti yfirvöldum, skóla- stjórnendum, kennurum og nemendum stuðning í skólastarfinu.
- Koma á, efla og tryggja gott samstarf foreldra/forráðamanna og starfsfólks skólans.
- Hvetja til aukins stuðnings og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.
- Vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.
- Standa vörð um réttindi nemenda til menntunar og farsæls þroska.⁵¹

Þessi markmiðssetning hefur ekki skilað sér vegna þess að ekki hefur tekist að halda úti foreldraráði og að sögn skólameistara er foreldrasamstarf nánast ekkert. Nokkrir einstaklingar mæta vissulega á upplýsingafund sem haldinn er fyrir foreldra á hverju hausti en fátt hefur verið í framboð til setu í foreldraráði.

Að sögn skólameistara er ekki annað að heyra en jákvætt umtal sé samfélaginu í garð skólans þó það skili sér ekki endilega í aðsókn að honum. Þetta sé þó líklega ekki óeðlilegt þegar litið sé til ungs aldurs skólans. Þá segir skólameistari að samskipti við grunnskóla á skólasvæðinu séu ekki nógu mikil. Þar hindri margt. Reynt hafi verið að koma því á að starfsfólk skólanna hittist einu sinni á ári og af hálfu FMOS var boðað til fyrsta fundar. Kennarar skiptust í umræðuhópa eftir námsgreinum og miðluðu upplýsingum sín á milli. Síðan hefur ekkert framhald orðið á fundahaldi af þessu tagi en báðir hópar gætu grætt talsvert á meiri samskiptum. Vísbendingar eru um að FMOS sé að vinna sér aukinn sess í skólasamfélaginu.

Eina önn var gerð tilraun með að FMOS sendi nemendur í stærðfræðiáfanga í Borgarholtsskóla. Það gekk ekki vel. Annars vegar vegna fjarlægðar á milli skólanna og hins að kennsluhættir í Borgarholtsskóla eru af allt öðru tagi en í FMOS.

Í viðtölum við stjórnendur og kennara var ítrekað minnst á nokkuð þétt samband við Kvennaskólann í Reykjavík á fyrstu árum FMOS, bæði formlegt og óformlegt, en jafnframt sagt að þetta samband heyri nú að mestu sögunni til.

Engar upplýsingar eru á heimasíðu skólans um tengsl hans við aðrar stofnanir eða félagasamtök, hvorki innan lands né erlendis. Þar segir ekki heldur frá neinum sérverkefnum sem hann er þátttakandi að.

⁵¹ Foreldraráð. [Án árs].

9.1 Mat úttektaraðila

- Markmið um foreldrasamstarf í FMOS eru greinargóð í hvívetna.
- Ekki hefur tekist að koma á foreldrasamstarfi í FMOS svo finna verður leiðir til þess að gera bót þar á.
- Heimasíða skólans er óþarflega fáorð um þróunarstarf sem unnið er innan veggja hans og/eða í samstarfi við aðila utan stofnunar.

10 Niðurstöður

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er ung stofnun sem enn á eftir að skapa sér styrka fótfestu meðal framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu. Skólinn er fámennur og á eftir að öðlast það orðspor sem nauðsynlegt er í samkeppni um nemendur. Enn má skólinn búa við það að einungis lítill hluti nemenda úr 10. bekk grunnskólanna í Mosfellsbæ sækir þar um skólavist. Víst er að það skýrist að hluta til af ungum aldri stofnunarinnar og því að húsnæðisaðstaða er bágborin. Þessu hefur skólinn brugðist við með því að taka við öllum nemendum sem þangað sækja og skapa þeim tækifæri til að spreyta sig í framhaldsnámi án tillits til fyrra námsgengis í framhaldsskóla. Þetta hefur skapað mikla aldursdreifingu innan skólans og um leið orsakað talsvert mikið brottfall nemenda.

Húsnæði skólans háir starfsemi hans verulega og er mikil eftirvænting meðal allra hagsmunaaðila eftir því að nýtt húsnæði sem er í byggingu verði tekið í notkun. Með því breytist öll aðstaða skólans til frekari vaxtar og starfsþróunar. Skólinn hefur nú til afnota elsta skólahúsið í Mosfellsbæ sem gert var upp til að hýsa starfseminu. Þótt það sé hið tígulegasta vekur það eitt og sér ekki endilega áhuga ungra nemenda að sækja þangað. Þegar hins vegar litið er inn fyrir vegg hússins má fljótt komast að raun um að innan þess hefur að mörgu leyti mótast frjótt skólastarf og mikill metnaður ríkir meðal stjórnenda og kennara fyrir hönd skólans.

Svo virðist sem sú stefna skólans að nemendur séu virkir þátttakendur í eigin námi hafi tekist að ákveðnu marki því námskipan og kennsluhættir mótast mikið af þessu leiðarhnoða. Stundataflan er með föstum kennslustundum annars vegar og verkefnatímum hins vegar. Í föstu kennslustundunum fer námið fram undir verkstjórn kennara en í verkefnatímum stjórna nemendur sjálfir hvað þeir nema, hvort þeir vinna sjálfstætt eða í hópi og hvort þeir leita aðstoðar hjá kennurum sem eru til staðar samkvæmt þar til gerðri stundaskrá. Að sögn er allgóð nýting á þessum tímum og hefur farið vaxandi eftir því sem nemendur læra á vinnubrögðin og hefð fyrir þeim skapast. Þeim sem lítinn áhuga hafa á námi hættir hins vegar til að koma sér undan vinnu í verkefnatímum og kann að vera að sú sé önnur ástæða fyrir tiltölulega miklu brottfalli nemenda.

Skólinn kennir sig við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Strax í upphafi var lögð áhersla á að í boði væru tvær bóknámsbrautir og skyldi önnur þeirra svara til þessarar áherslu, náttúruvísindabraut. Erfiðlega hefur samt gengið að byggja hana upp og hefur valdið vonbrigðum hversu lítil aðsókn hefur verið að henni. Skólinn hefur þó ekki horfið frá þessari áherslu en freistað þess að gera umhverfið að lifandi þætti í skólastarfinu þar sem hugað er meðal annars að náttúrufræði þess, virðingu fyrir því og hvernig má njóta þess og nýta það á skynsamlegan hátt. Samin hefur verið umhverfisstefna þar sem þessar áherslur eru undirstrikaðar. Aftur á móti verður ekki séð að sjálfsmat skólans taki út með hvaða hætti stefnan birtist í framkvæmd og hið sama er að segja um önnur stefnuskjöl hans.

Sjálfsmat skólans virðist enn að mestu á byrjunarreit. Sjálfsmatsáætlun fyrir tímabilið 2012–2015 er aðeins upptalning á matsþáttum en ekki er tilgreint hvernig skólinn hyggst beina sjónum að sértækum markmiðum og áhersluatriðum sínum. Að mestu leyti er byggt á viðhorfskönnunum og söfnun tölfræðilegra upplýsinga en skýrar umbótaáætlanir eru ekki settar fram í kjölfarið, a.m.k. ekki með formlegum hætti. Þetta sést vel á þeim sjálfsmats-skýrslum sem þegar liggja fyrir. Þær eru miklu fremur lýsingar á stefnumiðum og áætlunum en að þær greini og rýni niðurstöður úr eiginlegu innra mati skólans.

Kennslumat fer fram hjá helmingi kennara á hvorri önn. Það fer fram í formi matsfunda þar sem stjórnendur hitta námshópa þar sem hver nemandi er beðinn um að nefna það sem jákvætt er og gott við kennsluna ásamt því að koma með hugmyndir að úrbótum. Niðurstöður eru skráðar niður og hver kennari fær þær afhentar á fundi með stjórnendum. Ljóst er að

nemendur og stjórnendur skólans eru ánægðir með þessa matsaðferð en meðal kennara heyrast efasemdaraddir um hvort tveggja aðferðafræðina sem framkvæmdina.

Skólinn virðist vel settur með starfsmenn. Kennaraliðið er tiltölulega ungt og virðist reiðubúið til að takast á við fjölbreytta kennsluhætti og reynt er að gera það besta úr þeirri aðstöðu sem því er búið í þröngum húsakynnum. Allir kennarar skólans uppfylla ákvæði laga um menntun kennara. Þótt skólinn hafi enga formlega mótaða endurmenntunarstefnu eru kennarar hvattir til að sækja sér endurmenntun og reynir skólinn að greiða fyrir því. Skólinn hefur hins vegar ekki mikla stýringu á því hvers konar endurmenntun kennarar sækja en lítur svo á að endurmenntun af hvaða tagi sem er skili sér í ánægðara starfsliði og þar með bættu skólastarfi. Ætla má að lítil starfsmannavelta beri vott um að kennarar séu ánægðir með þá umgjörð sem þeim er sköpuð á vinnustaðnum.

Stjórnunarstrúktúr skólans er í raun mjög flatur sem eðlilegt má vera í svo fámennum skóla. Skipurit skólans virðist enn á hreyfingu því við upphaf úttektarinnar var á vefsíðu hans tiltekið skipurit sem var síðan skipt út meðan á úttektarstarfinu stóð. Væntanlega þarfnast það bæði aukinnar umhugsunar og umræðu meðal starfsfólks enda kom fram í samræðum við kennara að þeir telja ástæðu til að fjölga millistjórnendum. Þá þarf skólinn að gefa betur gaum að því að virkja þær stjórnunareiningar sem lög um framhaldsskóla kveða á um, svo sem skólanefnd, skólaráð og foreldrafélag, og huga vel að tengslum við það samfélag sem hann er í. Þannig þarf hann að formgera samstarf við ýmsar stofnanir, einkum bæjarbókasafn, sérfræðipjónustu skóla og heilsugæslu auk grunnskóla bæjarfélagsins.

10.1 Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar

- Fjöldi nemenda á félags- og hugvísindabraut hefur aukist jafnt og þétt og hún ber skólann uppi.
- Erkiumsjónarkerfið er markviss og áhugaverð tilraun til þess að sporna gegn brottfalli.
- Skólinn er mannaður vel menntuðum og áhugasömum kennurum.
- Notaðar eru verkefnamiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat sem njóta hvor tveggja hylli meðal nemenda og kennara.
- Sveigjanleg stundaskrá og markviss notkun kennslukerfis á netinu virðist skila góðum árangri í námi og kennslu.
- Sérstakar áherslur skólans eru vel skilgreindar og þeim er fylgt eftir með áföngum sem öllum nemendum er skylt að taka.
- Vel er staðið að náms- og starfsráðgjöf.
- Stefnuskjöl (forvarna- og lýðheilsustefna, jafnréttisstefna og umhverfisstefna) eru sett fram með skýrum hætti.
- Umsjónarkerfi skólans er gott og skilvirk.
- Upplýsingar til nemenda eru settar fram með fullnægjandi hætti í upplýsinga-bæklingnum *Klöru*.
- Starfsmannavelta er lítil sem bendir til góðrar líðanar á vinnustað.
- Skólabragur virðist góður.
- Starfsmannahópurinn virðist reiðubúinn til samvinnu af hvaða tagi sem er.
- Rekstur skólans er í jafnvægi.
- Markmið um foreldrasamstarf eru greinargóð í hvívetna.

Veikleikar

- Skólinn er í ófullnægjandi bráðabirgðahúsnæði sem stendur starfsemi hans á ýmsan hátt fyrir þrifum.
- Mikil hreyfing á nemendum fyrstu þrjár vikur skólaársins gerir skólanum örðugt að skipuleggja kennslu í fámennum námsáföngum.
- Íþrótt- og lýðheilsubraut og náttúruvísindabraut eru of fámennar.
- Hár meðalaldur nemenda hefur neikvæð áhrif á félagslíf þeirra.
- Brottfall nemenda er mikið.
- Fjarvistir nemenda eru miklar.
- Alger vöntun á skólabókasafni stangast á við fyrirmæli laga og hefur takmarkandi áhrif á þróun náms- og kennsluhátta.
- Gerð skólanámskrár er ekki lokið og áform um vinnu við hana fremur óljós.
- Engin starfsmanna- og endurmenntunarstefna hefur verið gerð né heldur siðareglur.
- Ákveðið formleysi er um ýmsa þætti skólastarfsins.
- Skólanefnd fundar sjaldan og virðist lítil áhrif hafa á stefnumótun skólans.
- Skólaráð er óvirkt.
- Húsfundir eru haldnir í stað lögbundinna skólafunda. Niðurstöður þeirra eru hvorki skráðar né kynntar með formlegum hætti.
- Sjálfsmatsáætlun skólans er ófullnægjandi og ekki er að sjá að ýmis stefnuskjöl séu lögð til grundvallar innra mati.
- Upplýsingar í sjálfsmatsskýrslu eru almennar og ónákvæmar.
- Raunverulegt gildi matsfunda skólastjórnenda með nemendum liggur ekki fyrir.
- Foreldrasamstarf er óvirkt.

10.2 Aðgerðir

- Vinna þarf markvisst að eflingu þeirra námsbrauta sem höllum fæti standa.
- Vinna þarf markvisst gegn miklum fjarvistum og brottfalli nemenda með greiningu þess vanda sem við er að etja og gerð viðbragðsáætlunar til næstu ára.
- Ljúka þarf gerð skólanámskrár og gera langtímaáætlun um endurnýjun og viðhald hennar.
- Formgera þarf ýmsa þætti skólastarfsins meira en nú er og tryggja eftirfylgni umræðna og ákvarðana, svo sem í kjölfar sjálfsmats og kennarafunda.
- Fullgera þarf stefnur og reglur í samræmi við fyrirmæli laga og reglugerða.
- Vinna þarf skipulega með lögbundnum stjórnsýslustofnunum, það er skólanefnd, skólaráði og foreldraráði.
- Breyta þarf aðferðum við sjálfsmat og setja sjálfsmatsskýrslu fram með skýrum hætti. Skýrsluna þarf að ræða rækilega og setja fram viðbragðsáætlanir á grunni hennar.
- Vinna þarf markvisst að eflingu foreldrastarfs við skólann.

11 Heimildaskrá

Hér eru að öðru jöfnu aðeins taldar þær heimildir sem vitnað er beint til í meginmáli. Auk þeirra eru ýmis lög og reglugerðir, tölvupóstar og fleira ótilgreint.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. (2004). Reykjavík: menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Foreldraráð. [Án árs]. Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/skolinn/foreldrarad/>.

Forvarna- og lýðheilsustefna FMOS. (2013). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/skolinn/stefnaoghugmyndafrædi/forvarnastefna/>.

Guðbjörg Aðalbergisdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 27.2.

Guðbjörg Aðalbergisdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 3.5.

Guðrún Guðjónsdóttir. (2013). Viðtal við úttektaðila 5.3.

Jafnréttisáætlun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. (2011). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/skolinn/stefnaoghugmyndafrædi/jafnrettisaaetlun/>.

Kennsluáætlanir. [Án árs]. Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/namid/kennsluaetlanir/>.

Kennsluhættir í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. (2013). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/namid/kennsluhaettir/>.

Klara – upplýsingar um skólastarf í FMOS. (2013). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/media/skjol/Baeklingur-Klara-januar2013.pdf>.

Lán á fartölvum til nemenda. (2012). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/thjonusta/fartolvuutlan-i-timum/>.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Mötuneyti. (2013). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð: <http://www.fmos.is/thjonusta/>.

Náms- og starfsráðgjöf. (2013). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/thjonusta/nams-og-starfsradgjof/>.

Námsbrautir 2012. (2012). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/namid/namsbrautir/namsbrautir-2012/>.

Nemendafélag. (2012). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð: <http://www.fmos.is/nemendafelag/>.

Nemendur með sérþarfir. (2012). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/namid/nemendur-med-sertharfir/>.

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

Saga Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. (2012). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/umskolann/saga-fmos/>.

Sérnámsbraut. (2012). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/namid/namsbrautir/namsbrautir-2012/nr/1233>.

Sjálfsmatsáætlun 2012–2015. [Án árs]. Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/sjalfsmat/sjalfsmatsaaetlun/>.

Sjálfsmatsskýrsla 2011–2012. (2012). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/sjalfsmat/sjalfsmatsskyrslur/>.

Skipurit FMOS. (2013). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/skolinn/stjornskipun/>.

Skólareglur. (2009–2013). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð:

<http://www.fmos.is/skolinn/skolareglur/>.

Skólasamningur Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og mennta- og menningarmálaráðuneytis. (2013), dags. 13.2.

Skrifstofa. (2013). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð: <http://www.fmos.is/thjonusta/>.

Stefna og hugmyndafræði Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. (2009). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð <http://www.fmos.is/skolinn/stefnaoghugmyndafraedi/>.

Tölvureglur. (2009). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð: <http://www.fmos.is/skolinn/skolareglur/>.

Umhverfisstefna Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. (2011). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð: <http://www.fmos.is/skolinn/stefnaoghugmyndafraedi/umhverfisstefna/>.

Umsjónarkerfi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. [Án árs]. Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð: <http://www.fmos.is/thjonusta/umsjonmednemendum/>.

Verkefnatímar. (2013). Mosfellsbær: FMOS. Vefslóð: <http://www.fmos.is/namid/verkefnatimar/>.

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013 og 2014 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. (2013), dags. 13.2.

Viðtöl (hljóðrituð) við viðmælendur í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ:

- Aðstoðarskólameistari
- Fjármála- og skrifstofustjóri
- Forvarnarfulltrúi
- Fulltrúar í skólanefnd
- Náms- og starfsráðgjafar
- Rýnihópur kennara
- Rýnihópur nemenda
- Skólameistari
- Stjórn nemendafélags.
- Umsjónarmaður fasteigna
- Umsjónarmaður tölvukerfis

12 Fylgiskjal

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari
Brúarlandi
270 Mosfellsbæ

Akureyri 29. janúar 2013

Efni: Úttekt á starfsemi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ

Eins og fram kemur í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 16. janúar 2013 hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttekt á starfsemi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Markmiðið er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Úttektina á að byggja á fyrirbyggjandi gögnum um starfsemi skólans, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana.

Við óskum eftir góðu samstarfi og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 12. mars nk.:

- Ársskýrsla 2012.
- Skólanámskrá.
- Sjálfsmatsskýrsla 2012.
- Upplýsingar um nemendur:
 - Aðsókn og innritun nemenda á haustönn 2012 og vorönn 2013.
 - Þróun í innritun nemenda að hausti frá 2007 (bóknám/verknám).
 - Hvaðan koma nemendur (innan/utan upptökusvæðis – hlutfall haust 2012)?
 - Fjöldi innritaðra nemenda 15. september 2012 og 15. janúar 2013, skipt eftir árgöngum og kynjum.
 - Skipting nemenda á námsbrautir 2008–2013 greind eftir kynjum.
 - Meðalstærð námshópa.
 - Brottfall nemenda og þróun á árunum 2008–2012.
- Upplýsingar um starfsfólk:
 - Stjórnendur, starfshlutfall og kennsluskylda, kynjaskipting.
 - Fjöldi kennara í föstum stöðum og starfshlutfall skipt eftir kynjum.
 - Fjöldi leiðbeinenda og starfshlutfall (hálf starf eða meira), skipt eftir kynjum.
 - Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum.
 - Fjöldi annars starfsfólks í föstum stöðum og starfsheiti, skipt eftir kynjum.
- Menntun kennara:
 - Fjöldi kennara með BA/BS-próf auk kennsluréttinda.
 - Fjöldi kennara með MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda.
 - Fjöldi kennara með doktorspróf auk kennsluréttinda.
 - Fjöldi kennara með háskólapróf án kennsluréttinda.
 - Fjöldi kennara með aðra menntun.
 - Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?
 - Endurmenntunarstefna. Hvernig er endurmenntun/starfsþróun kennara háttað?
 - Starfsaldur kennara við skólann, (<3 ár; 3–5 ár; 6–10 ár; 11–15 ár; >15 ár; fjöldi).
 - Upplýsingar um starfsmannaveltu við skólann sl. fimm ár.
- Skipurit skólans.
- Námtími nemenda við brautskráningu.
- Umfang forfallakennslu á haustönn 2012.
- Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á haustönn 2012.
- Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu.
- Upplýsingar um skólaþróunarverkefni sem unnið er að á skólaárinu 2012–2013.
- Fyrri úttektir eða kannanir á starfsemi skólans.

Ef einhverjar ofangreindra upplýsinga liggja fyrir á vef nægir að vísa á þær þar.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að koma í heimsókn í skólann fimmtudaginn 7. mars og föstudaginn 8. mars. Í þeirri heimsókn viljum við eiga viðtöl við eftirtalda aðila eins og hér segir:

Mánudagur 4. mars 2013

8:30-10:00	Skólameistari
10:15-11:00	Náms- og starfsráðgjafar og deildarstjóri starfsbrautar
11:15-12:00	Rýnihópur nemenda (6–8 nemendur valdir af stjórn nemendafélags)
13:00-13:45	Forstöðumaður bókasafns
14:00-14:45	Fjármálastjóri
15:00-16:00	Rýnihópur kennara (8–10 kennarar valdir af trúnaðarmanni kennara)
16:15-16:45	Skólanefnd
17:00-17:30	Stjórn foreldrafélags

Þriðjudagur 5. mars 2013

8:30–9:15	Húsvörður og umsjónarmaður tölvukerfis
9:30–10:30	Stjórn nemendafélags
10:45–11:30	Aðstoðarskólameistari

Við biðjum þig um að finna hentugt húsnaði til þessara viðtala, gera viðkomandi viðvart og boða þá til fundar við okkur í samræmi við ofangreint. Óskað verður eftir því við trúnaðarmann kennara að leita eftir því við kennara að taka þátt í rýnihópi og gera þeim viðvart um tímasetningu. Með sama hætti verður leitað eftir því við 6–8 nemendur að taka þátt í rýnihópi og verður leitað til formanns félags nemenda að finna nemendur til að taka þátt.

Ef einhverjir meinbugir eru á því að funda með okkur þessa daga biðjum við þig að láta okkur vita sem allra fyrst. Tekið skal fram að ef hagfelldara er fyrir skólann að hafa aðra uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu að breyta uppröðun þeirra í samráði við skólann.

Með bestu kveðju,

